



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Tilvísun ÞÍ: 2020111495/5.0

Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), 82. mál

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 19. nóvember sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), þingskjal 83 - 82. mál er sent til umsagnar. Athugasemdir Þjóðskrár Íslands fara hér á eftir;

Þjóðskrá Íslands bendir á að fyrsta lögheimili barns er í dag skráð í þjóðskrá á grundvelli 10. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019. Ákvæðið, sem kveður á um að lögheimili sé skráð í þjóðskrá, leiðir af sér að við skráningu barns í þjóðskrá, í kjölfar fæðingar er fyrsta lögheimili þess, þar á meðal sveitarfélag, skráð. Varðveitast þær upplýsingar svo í breytingaskrá þjóðskrár.

Upplýsingar um fyrsta lögheimili einstaklings kemur t.d. fram þegar gefið er út lögheimilissöguvottorð fyrir einstakling. eru þær upplýsingar sem þessu frumvarpi er ætlað að bæta við í þjóðskrá hluti af lögheimilisskráningu 10. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga.

Líkt og fram hefur komið er í 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga talið upp hvaða upplýsingar eru skráðar um einstaklinga í þjóðskrá, þar á meðal fæðingarstaður og lögheimili, sem og aðrar skráningarbreytur sem þjóðskrá heldur.

Þar sem þegar er verið að skrá fyrsta lögheimili barna, sér Þjóðskrá Íslands ekki hver tilgangurinn með því að bæta þeim aftan við fæðingarstaðinn er. Eins má benda á að upplýsingar um fæðingarstað koma fram á ýmsum skilríkjum og vottorðum, þ.m.t. á vegabréfum og fæðingavottorðum og eru þær upplýsingar lesnar beint upp úr þjóðskránni. Það má ætla að það myndi valda ruglingi ef að fæðingarstaður einstaklinga í vegabréfi væri ritaður Reykjavík/Vestmannaeyjar.

Þjóðskrá Íslands leggur því til að skráning fæðingarstaðar verði með óbreyttum hætti, þ.e. að raunverulegur fæðingarstaður verði skráður í þjóðskrá og upplýsingar um sveitarfélag fyrsta lögheimilis megi nálgast í breytingasögu þeirra.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur